

Efnistökusvæði í Eyjafjarðarsveit



Greinargerð með
breytingu á aðalskipulagi
23. júní 2011



EYJAFJARÐARSVEIT

Efnisyfirlit

1	Forsendur	1
1.1	Tilfni að breytingum á aðalskipulagi	1
1.2	Kynning og auglýsing	1
1.3	Markmið	2
1.4	Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 fyrir breytingu	2
1.5	Skipulagssvæðið og umfang skipulags.....	4
2	Stefnumörkun.....	4
2.1	Almennir skilmálar.....	4
2.2	Efnistökusvæði	5
2.2.1	ES1 – Torfufell (III)	5
2.2.2	ES2 – Vatnsendi (II)	5
2.2.3	ES3 – Leyningur (II)	5
2.2.4	ES4 – Arnarstaðir (III)	5
2.2.5	ES5 – Skáldsstaðir (III)	6
2.2.6	ES6 – Hrísar (II)	6
2.2.7	ES7 – Gullbrekka (II).....	6
2.2.8	ES8 – Víðines (I)	6
2.2.9	ES9 – Gilsá (I)	7
2.2.10	ES10 – Bringa (III).....	7
2.2.11	ES11 – Hvassafell (I)	7
2.2.12	ES12 – Munkaþveráreyrar (IV).....	7
2.2.13	ES13 – Rauðhús (I)	7
2.2.14	ES14 – Munkaþverá, við Eyjafjarðará (III)	8
2.2.15	ES15 – Torfur, norðan Skjöldalsár (II)	8
2.2.16	ES16 – Þveráreyrar í landi Þverár (V)	8
2.2.17	ES17 – Torfur, sunnan Finnastaðaár (II)	8
2.2.18	ES18 – Þveráreyrar í landi Ytri-Hóls (V)	9
2.2.19	ES19 – Akur, vestan Eyjafjarðarár (III).....	9
2.2.20	ES20 – Skálpagerði (I).....	9
2.2.21	ES21 – Grund, norðan Finnastaðaár (II)	9
2.2.22	ES23 – Hraungerði (II)	10

2.2.23	ES25 – Stokkahlaðir (I)	10
2.2.24	ES27A – Neðan Reykárhverfis (III)	10
2.2.25	ES27B – Kristnes (III)	11
2.2.26	ES27C – Reykhús (III).....	11
2.2.27	ES27D – Teigur (III).....	12
2.2.28	ES29A – Ytra- og Syðra-Gil (III).....	12
2.2.29	ES29B – Vaglir (III).....	13
2.2.30	ES31 – Hvammur (IV)	13
2.3	Fylgiskjöl	15
2.3.1	Aðalskipulagsuppdráttur Eyjafjarðarsveitar 2005-2025	15
2.3.2	Umhverfisskýrsla	15
2.3.3	Möguleg efnistökusvæði á aðalskipulagi innan vatnasvæðis Eyjafjarðarar	15
2.3.4	Breyting á aðalskipulagi vegna efnistöku	15
2.3.5	Um fugla á efnistörustöðum við Eyjafjarðarar	15
3	Afgreiðsla skipulagsins	15
3.1	Auglýsing skipulagstillögu	15

1 Forsendur

1.1 Tilefni að breytingum á aðalskipulagi

Í aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005 – 2025, sem staðfest var af umhverfisráðherra 22/11 2007, eru tilgreind efnistökusvæði á sjö stöðum. Jafnframt var eftirfarandi stefnumörkun ákveðin:

„Ljóst er að gera þarf heildarúttekt á námuvinnslu í Eyjafjarðará allt frá norðurmörkum sveitarfélagsins og suður að Hrafnagili. Ýmsir aðilar þurfa að koma að því starfi, s.s. Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun, Orkustofnun og Veiðimálastjóri. Ákvarða þarf magn þess efnis sem hægt er að taka úr ánni og miða það við endurnýjun þess á hverjum tíma. Einnig þarf að ákvarða hvernig best verður staðið að efnistökkunni. Í þetta verkefni verði ráðist þegar á árinu 2007, m. a. í samstarfi við fyrrnefndar stofnanir og hagsmunaaðila. Niðurstaða þessarar úttektar gæti haft í för með sér breytingu á því aðalskipulagi sem nú verður staðfest.“

Í samræmi við þetta var Veiðimálastofnun fengin til að vinna skilagrein um möguleg efnistökusvæði á aðalskipulagi innan vatnasvæðis Eyjafjarðará. Þeirri vinnu lauk í desember 2008. Í skýrslunni er bent á 15 staði sem mögulega efnistökuastaði.

Í framhaldi af þeirri vinnu var verkfræðistofan Efla ráðin til að gera umhverfisskýrslu vegna skipulagsáætlunar sem gerði ráð fyrir þessum nýju stöðum, en jafnframt ákvað sveitarstjórn að hafa mögulegt efnistökusvæði í Hvammi og Gullbrekku með í umhverfisskýrslunni þannig að öll svæði sem vitað var um og rætt hafði verið um til efnistöku væru höfð með þegar endanleg ákvörðun um auglýsingu á breytingu á aðalskipulagi yrði ákveðin.

Í umfjöllun um aðalskipulagsbreytinguna var ákveðið að falla frá því að leyfa efnistöku úr austurkvísl Eyjafjarðará við Staðarey, sem fjallað hafði verið um í umhverfisskýrslunni.

1.2 Kynning og auglýsing

Eftir þá vinnu, sem fjallað er um hér að framan var tillaga að efnistökusvæðum í Eyjafjarðarsveit lögð fram til kynningar.

Haldinn var kynningarfundur 23. mars 2010 og á hann mættu íbúar, fulltrúar frá nágrannasveitarfélögum og Vegagerðinni.

Gefinn var stuttur frestur til að koma að athugasemdum áður en skipulagið færi í auglýsingu, en það varð til þess að ótal athugasemdir bárust. Voru þær einkum um það að fleiri landeigendur vildu hafa efnistökusvæði á sínu landi, en einnig komu fram athugasemdir við námu í Hvammi.

Umsóknir um nýja staði fóru til umsagnar Veiðimálastofnunar og Sverris Thorstensen. Í framhaldi af því var bætt við nýjum efnistökusvæðum og fallið frá hugmyndum um efnistöku á öðrum.

Til dæmis var á lokastigum ákveðið að falla frá fyrirhuguðu grjótnámi að Hvammi en ákveðið að taka inn í kynningarferlið nýja grjótnámu að Hvammi, fjær Vöglum. Þá var breytt númerum á efnistökusvæðum þannig að byrjað er að telja syðst, með oddatölum vestan Eyjafjarðarár og sléttum tölum austan ár.

Þessi nýja tillagan var síðan kynnt á kynningarfundum 6. desember 2010 og send Skipulagsstofnun og nágrannasveitarfélögum.

Á fundi skipulagsnefndar 13. janúar 2011 var ákveðið að auglýsa þessa tillögu um breytingar á að alskipulagi vegna efnistöku í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Afgreiðsla skipulagsnefndar var síðan samþykkt á fundi sveitarstjórnar 18. janúar 2011.

Umhverfisskýrsla áætlunarinnar var auglýst með sama hætti og verður afgreidd í samræmi við 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Nýja tillagan var síðan auglýst 18. janúar 2011 og athugasemdafrestur rann út 8. mars. All nokkrar athugasemdir bárust og var fjallað um þær á fundum skipulagsnefndar 10. mars, 7. apríl og 11. apríl. Athugasemdir urðu til þess að nokkrar lítilsháttar breytingar voru gerðar á skipulaginu og voru athugasemdir og viðbrögð við þeim samþykkt á fundi sveitarstjórnar 12. apríl 2011.

1.3 Markmið

Með þeim breytingum á aðalskipulagi yfir efnistökusvæði í Eyjafjarðarsveit, sem nú eru auglýstar er gert skipulag sem tekur yfir öll efnistökusvæði í sveitarfélaginu.

Markmið tillögunnar er að ná heildarsýn yfir efnistöku innan sveitarfélagsins, tryggja framboð efnis en jafnframt stýringu á efnistöku, með tilliti til verndar og viðhaldi lífríkis. Reynt skal að hafa vegalengdir vegna efnisflutninga sem styttestar en að efnistaka verði þó á tiltölulega fáum stöðum í einu.

1.4 Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 fyrir breytingu

Á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025, sem staðfest var 22.11.2007 voru efnistökusvæði á eftirtöldum sjö stöðum, skilgreind á eftirtalin hátt:

Vaglir. Landeigandi selur efni til ýmissa aðila úr farvegi Eyjafjarðarár (III).¹

Stokkahláðir. Landeigandi selur efni til ýmissa aðila (I).

Gilsá. Gamalt efnisnám þar er einstöku sinnum tekið stórgrýti til bakkavarna við Eyjafjarðará (I).

¹ Námurnar eru flokkaðar eftir stærð og er tölusetning höfð aftan við hverja námu.

(I) Mjög lítil náma minni en 10.000 m³.

(II) Lítil náma; 10-25.000 m³.

(III) Meðalstór náma; 25-100.000 m³.

(IV) Stór náma; allt að 150.000 m³.

(V) Mjög stór náma; stærri en 150.000 m³ eða umhverfismatsskyld náma af öðrum orsökum.

Í landi eyðibýlisins Víðiness sem er austan Melgerðismela. Lítil efnisnáma (I).

Munkaþveráreyrar. Landeigandi hefur selt ýmsum aðilum efni úr áreyrunum á undanförunum árum, ýmist óunnið eða til vinnslu á staðnum. Mikið efni er hér sem eflaust verður nýtt í framtíðinni (IV).

Þveráreyrar í landi Þverár. Vegagerðin hóf hér mikið efnisnám fyrir áratugum og tók um árabíl mikið efni úr áreyrunum. Landeigandi selur nú ýmsum aðilum efni úr Þveráreyrum (V).

Þveráreyrar í landi Ytri-Hóls. Efnistaka úr eyrunum norðan Þverár (V).²

Þá er í skipulaginu sett fram eftirfarandi markmið vegna efnistökusvæða:

1. Efnisvinnsla á nýjum svæðum er háð mati á efnisgæðum og hagkvæmi. Framkvæmdaleyfi þarf að liggja fyrir sem taki til stærðar, efnismagns, vinnslutíma, eftirlits og frágangs námu að vinnslu lokinni, sbr. tl. 16. í kafla 2.1.1. Sjá 48. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, m. s. br.
2. Haft skal samráð við stjórnýslu veiðimála, samkvæmt 42. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði m.s.br., áður en framkvæmdaleyfi er veitt til efnistöku úr ám eða áreyrum.
3. Tímabundnar námur, með takmarkaðri efnisvinnslu, vegna vegagerðar verða ekki hluti af staðfestu aðalskipulagi sveitarfélagsins.
4. Núverandi námur sem eru í flokki IV og V verði deiliskipulagðar, þar sem fram þarf að koma vinnslu- og frágangsaætlun.
5. Eftir 1. júlí 2008 er stækkun náma sem starfræktar voru fyrir 1. júlí 1999 háð framkvæmdaleyfi ef áætluð efnistaka er umfram ákveðið hámark, sbr. IV. tl. bráðabirgðaákvæða laga um náttúruvernd nr. 44/1999, m.s.br. Eftir 1. júlí 2012 er öll efnistaka á þessum svæðum framkvæmdaleyfisskyld.

Ennfremur segir:

Samkvæmt ákvæði 47. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, m.s.br. er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. laganna. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra veitir starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð 785/1999, m.s.br., um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem kann að hafa í för með sér mengun. Í kafla 2.2.-Grg.-II er að finna almenna umfjöllun um efnistökusvæði.

² Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000

Efnistökusvæði sem eru matsskyld:

1. Þveráreyrar í landi Ytri-Hóls (ES6).
2. Þveráreyrar í landi Þverár (ES7).

Efnistökusvæði sem er tilkynningarskyld:

1. Munkaþveráreyrar (ES5).

Efnistökusvæði sem gæti orðið tilkynningarskyld:

1. Vaglir (ES1).

1.5 Skipulagssvæðið og umfang skipulags

Skipulagið nær til alls sveitarfélagsins en efnistökusvæðin eru aðallega á vatnasvæði Eyjafjarðarár og þveráa hennar og er þá um endurnýjanleg efnistökusvæði að ræða. Nokkur svæði eru þó utan vatnasviðs ána og því ekki endurnýjanleg.

Í skipulagsferlinu var ákveðið að fjalla um öll efnistökusvæði í sveitarfélaginu bæði eldri og ný og skilgreina þá jafnframt hvernig standa skuli að veitingu framkvæmdaleyfa á hverjum stað.

2 Stefnumörkun

2.1 Almennir skilmálar

Efnistaka eða önnur starfsemi sem valdið getur gruggi eða truflunum á vatnasvæðum Eyjafjarðarár og þverám hennar sem og ósasvæðum verður óheimil á tímabilinu frá byrjun maí til loka október ár hvert.

Endurmat á áhrifum efnistöku á farvegsbreytingar og lífríki svæðanna (fiska, fugla og gróðurfars) verði framkvæmt á 5 ára fresti.

Samkvæmt ákvæði 47. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, m.s.br. er öll efnistaka á landi háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Eiganda eða umráðamanni eignarlands er þó heimil minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaganna.

Áður en framkvæmdaleyfi er veitt skal hnitsetja svæði sem framkvæmdaleyfi nær yfir og skal framkvæmdaaðili greiða kostnað við eftirlit með framkvæmdum.

Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu, samkvæmt 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði m.s.br.

Þegar unnið er í áreyrum verði það metið við útgáfu framkvæmdaleyfis í samráði við Fiskistofu hvort heimilt sé að vinna í sjálfum farvegi árinna að einhverju leyti þó það sé almennt óheimilt.

Sé efnistaka í nágrenni við brýr skal hafa samráð við brúadeild Vegagerðarinnar og fá umsögn um hve efnistökusvæðin þurfi að vera langt frá brúarstæðinu svo enginn skaði hljótist af.

Við hvers konar röskun á gróðri verði þess vendilega gætt að ekki skapist hætta á rofi og framkvæmdaaðili verður skildaður til að græða upp a.m.k. jafnstórt svæði og þau sem röskuð verða. Ennfremur þarf að græða upp efnistökusvæðið eftir að efnistöku er lokið.

Sækja þarf um starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, sbr. reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem kann að hafa í för með sér mengun m.s.br.

Tímabundnar námur með takmarkaðri efnisvinnslu til staðbundinnar notkunar verða ekki hluti af staðfestu aðalskipulagi sveitarfélagsins, en eru háðar framkvæmdaleyfi og skulu afgreiddar án breytinga á aðalskipulagi í hverju tilfelli fyrir sig.

2.2 Efnistökusvæði

Í þessu skipulagi er fjallað um öll efnistökusvæði, bæði þau sem nú eru á aðalskipulagi og einnig þau sem eru ný. Hér á eftir fer lýsing á hverju efnistökusvæði fyrir sig og skilgreining á hvornig standa skuli að útgáfu framkvæmdaleyfis á hverjum stað ef óskað verður eftir því.

Alls ekki er gert ráð fyrir að allar efnisnámurnar séu hafðar opnar í einu.

Heiti og númer efnistökusvæða vísa til aðalskipulagsupphráttar sem er hluti af skipulagsbreytingunni, en hann er unninn af teiknistofu Benedikts Björnssonar teikn. nr. 2509, verknr. 032509, dags. 15. febrúar 2010 og seinast breytt 24. júní 2011.

2.2.1 ES1 – Torfufell (III)³

Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 50.000 m³ af efni úr áreyrunum við Torfufellsá. Sjálfur farvegur árinna verði þar undanskilinn.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangssáætlun að fylgja umsókninni. Efnistakan getur verið tilkynningarskyld til fyrirspurnar um matsskyldu.

2.2.2 ES2 – Vatnsendi (II)

Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 20.000 m³ af efni úr áreyrum Eyjafjarðarár austan ár. Sjálfur farvegur árinna verði þar undanskilinn.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangssáætlun að fylgja umsókninni.

2.2.3 ES3 – Leyningur (II)

Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 20.000 m³ af efni úr áreyrum Eyjafjarðarár vestan ár. Sjálfur farvegur árinna verði þar undanskilinn.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangssáætlun að fylgja umsókninni.

2.2.4 ES4 – Arnarstaðir (III)

Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 50.000 m³ af efni úr áreyrum Eyjafjarðarár. Framkvæmdin verði tengd aðgerðum til varnar landbroti. Sem

³ Námurnar eru flokkaðar eftir stærð og er tölusetning höfð aftan við hverja námu.

(I) Mjög lítil náma minni en 10.000 m³.

(II) Lítil náma; 10-25.000 m³.

(III) Meðalstór náma; 25-100.000 m³.

(IV) Stór náma; allt að 150.000 m³.

(V) Mjög stór náma; stærri en 150.000 m³eða umhverfismatsskyld náma af öðrum orsökum.

minnst verði unnið í sjálfum farvegi árinna og slíkt ekki heimilað frá byrjun maí til loka október.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangsaætlun að fylgja umsókninni. Efnistakan getur verið tilkynningarskyld til fyrirspurnar um matsskyldu.

2.2.5 ES5 – Skáldsstaðir (III)

Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 50.000 m³ af efni úr áreyrum austan Eyjafjarðarar nokkru neðan Skáldsstaða. Sjálfur farvegur árinna verði þar undanskilinn.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangsaætlun að fylgja umsókninni. Efnistakan getur verið tilkynningarskyld til fyrirspurnar um matsskyldu.

2.2.6 ES6 – Hrísar (II)

Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 12.000 m³ af efni úr sunnanverðum áreyrum Eyjafjarðarar í landi Hrísa. Sjálfur farvegur árinna verði þar undanskilinn. Við útgáfu framkvæmdaleyfis verði efnistaka á hverjum tíma ákveðin í samráði við umsagnaraðila.

Veiðistaður er rétt hjá þessu svæði og verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf útfærsla framkvæmdarinnar að taka tillit til þess að honum verði ekki raskað. Vinnslu- og frágangsaætlun skal fylgja umsókn um framkvæmdaleyfi.

2.2.7 ES7 – Gullbrekka (II)

Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 25.000 m³ af efni úr hjalli vestan Eyjafjarðarar, en austan við Eyjafjarðarbraut vestri (821).

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangsaætlun að fylgja umsókninni.

2.2.8 ES8 – Víðines (I)

Efnistökusvæðið er á gildandi aðalskipulagi. Lítil efnisnáma í landi eyðibýlisins Víðiness, sem er austan ár gegnt Melgerðismelum. Þarna er um litla námu að ræða og efnistaka er lítil á hverju ári. Ekki þarf að sækja um framkvæmdaleyfi nema aðstæður breytist verulega.

Eftir 1. júlí 2012 þarf þó að sækja um framkvæmdaleyfi sbr. 79. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 m.s.br., eða ganga snyrtilega frá svæðinu þannig að sem best falli að umhverfi innan þriggja ára frá því að hætt er að nota efnistökusvæðið, sbr. 49. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 m.s.br.

2.2.9 ES9 – Gilsá (I)

Efnistökusvæðið er á gildandi aðalskipulagi. Gamalt efnisnám þar sem einstöku sinnum er tekið stórgrýti til bakkavarna við Eyjafjarðará. Ekki þarf að sækja um framkvæmdaleyfi nema aðstæður breytist verulega.

Eftir 1. júlí 2012 þarf þó að sækja um framkvæmdaleyfi sbr. 79. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 m.s.br. , eða ganga snyrtilega frá svæðinu þannig að sem best falli að umhverfi innan þriggja ára frá því að hætt er að nota efnistökusvæðið, sbr. 49. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 m.s.br.

2.2.10 ES10 – Bringa (III)

Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 30.000 m³ af efni úr áreyrum Eyjafjarðarár fyrir landi Bringu. Áreyrin sem hér er átt við er austan ár, en einnig er hægt að taka efni vestan ár (ES19). Einungis verði heimiluð efnistaka öðru megin ár í einu. Sjálfur farvegur árinna verði þar undanskilinn.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangssáætlun að fylgja umsókninni og framkvæmdaleyfi gildi einungis eitt ár fram í tímann.

2.2.11 ES11 – Hvassafell (I)

Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 8.000 m³ af efni úr áreyrum Djúpadalsár í landi Hvassafells auk framkvæmda til varnar landbroti. Varast ber að framburður verði mikill í ánni og þá sér í lagi frá byrjun maí til loka október.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangssáætlun að fylgja umsókninni.

2.2.12 ES12 – Munkaþveráreyrar (IV)

Efnistökusvæðið er á gildandi aðalskipulagi. Landeigandi hefur selt ýmsum aðilum efni úr áreyrunum á undanförunum árum, ýmist óunnið eða til vinnslu á staðnum.

Til að fá áframhaldandi framkvæmdaleyfi þarf að deiliskipuleggja svæðið þar sem fram þarf að koma vinnslu- og frágangssáætlun. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar, sem úrskurðar um það hvort framkvæmdin er háð mati á umhverfisáhrifum.

2.2.13 ES13 – Rauðhús (I)

Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 10.000 m³ af efni úr áreyrum Djúpadalsár sunnan árinna og neðan Eyjafjarðarbrautar vestri (821). Efnisnáman þarf að vera það grunn að ekki verði farið neðar en vatnsborð árinna er. Sjálfur farvegur árinna verði undanskilinn.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangssáætlun að fylgja umsókninni.

2.2.14 ES14 – Munkaþverá, við Eyjafjarðará (III)

Líta þarf á svæði ES14, ES27A, 27B, 27C og 27D sem eitt svæði m.t.t. náttúrulegra efnisflutninga árinna, þar sem efnisnám á einum stað hefur áhrif á efnisflutninga á stærra svæði. ES14 er austan Eyjafjarðará, en hin svæðin vestan ár. Sett er skilyrði um að samanlögð efnistaka úr áreyrum Eyjafjarðará af þessu svæði nemi að hámarki 50.000 m³ á hverju tveggja ára tímabili.

Sveitarstjórn óskar því eftir því að landeigendur stofni til samlags eða samkomulags um efnistöku á þessu svæði.

Sem minnst verði unnið í sjálfum farvegi árinna og slíkt ekki heimilað frá byrjun maí til loka október. Metið verði eftir aðstæðum á hverjum tíma hvenær og hve mikið efni verði leyfilegt að taka á hverjum þessara fimm staða. Dýpt námu í hverju tilfelli verði ákveðin í samráði við umsagnaraðila og leyfisveitanda.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangsaætlun að fylgja umsókninni og framkvæmdaleyfi gildi einungis eitt ár fram í tímann. Efnistakan getur verið tilkynningarskyld til fyrirspurnar um matsskyldu.

2.2.15 ES15 – Torfur, norðan Skjöldalsár (II)

Á svæðum ES15, ES17 og ES21 verður einungis veitt leyfi til efnistöku á einum stað í einu.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 25.000 m³ af efni úr áreyrum Skjöldalsár norðan ár, en austan við Eyjafjarðarbraut vestri (821). Sem minnst verði unnið í sjálfum farvegi árinna og slíkt ekki heimilað frá byrjun maí til loka október.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangsaætlun að fylgja umsókninni.

2.2.16 ES16 – Þveráreyrar í landi Þverár (V)

Efnistökusvæðið er á gildandi aðalskipulagi. Mikið efni hefur verið tekið á svæðinu á löngu tímabili og nú er svo komið að ekki verður haldið áfram nema gripið verði til mótvægisáðgerða með tiltekt og frágangi á námunni.

Til að fá áframhaldandi framkvæmdaleyfi þarf að deiliskipuleggja svæðið þar sem fram þarf að koma vinnslu- og frágangsaætlun. Einnig þarf að fara fram umhverfismat vegna námunnar.

2.2.17 ES17 – Torfur, sunnan Finnastaðaár (II)

Á svæðum ES15, ES17 og ES21 verður einungis veitt leyfi til efnistöku á einum stað í einu.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 25.000 m³ af efni úr áreyrum Finnastaðaár sunnan ár, en vestan við Eyjafjarðarbraut vestri (821). Sjálfur farvegur árinna verði þar undanskilinn.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangsaætlun að fylgja umsókninni.

2.2.18 ES18 – Þveráreyrar í landi Ytri-Hóls (V)

Efnistökusvæðið er á gildandi aðalskipulagi. Mikið efni hefur verið tekið á svæðinu á löngu tímabili og nú er svo komið að ekki verður haldið áfram nema gripið verði til mótvægisáðgerða með tiltekt og frágangi á námunni.

Til að fá áframhaldandi framkvæmdaleyfi þarf að deiliskipuleggja svæðið þar sem fram þarf að koma vinnslu- og frágangsaætlun. Einnig þarf að fara fram umhverfismat vegna námunnar.

2.2.19 ES19 – Akur, vestan Eyjafjarðarár (III)

Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 30.000 m³ af efni úr áreyrum Eyjafjarðarár á móti landi Akurs. Áreyrin sem hér er átt við er vestan ár, en einnig er hægt að taka efni austan ár (ES10). Einungis verði heimiluð efnistaka öðru megin ár í einu. Sjálfur farvegur árinna verði þar undanskilinn.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangsaætlun að fylgja umsókninni og framkvæmdaleyfi gildi einungis eitt ár fram í tímann.

2.2.20 ES20 – Skálpagerði (I)

Í Skálpagerði er efnisnáma rétt neðan Eyjafjarðarsbrautar eystri (829) og hefur verið tekið efni á þessu svæði í fjölda ára. Samkvæmt samningi á eftir að taka úr henni um 5.000 m³ og síðan verður gengið frá henni. Ekki þarf að sækja um framkvæmdaleyfi nema aðstæður breytist verulega.

Eftir 1. júlí 2012 þarf þó að sækja um framkvæmdaleyfi sbr. 79. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 m.s.br., eða ganga snyrtilega frá svæðinu þannig að sem best falli að umhverfi innan þriggja ára frá því að hætt er að nota efnistökusvæðið, sbr. 49. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 m.s.br.

2.2.21 ES21 – Grund, norðan Finnastaðaár (II)

Á svæðum ES15, ES17 og ES21 verður einungis veitt leyfi til efnistöku á einum stað í einu.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 25.000 m³ af efni úr áreyrum Finnastaðaár norðan ár, en austan við Eyjafjarðarbraut vestri (821). Sem

minnst verði unnið í sjálfum farvegi árinna og slíkt ekki heimilað frá byrjun maí til loka október.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangsaætlun að fylgja umsókninni.

2.2.22 ES23 – Hraungerði (II)

Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 18.000 m³ af efni úr áreyrum Finnastaðaár neðan Finnastaðavegar (824). Efnistökusvæðið verði sem lengst frá árfarvegi og dýpt námu verði ákveðin í samráði við umsagnaraðila og leyfisveitanda. Framkvæmd verksins og frágangur verði með þeim hætti að ekki verði hætta á að áin leiti ofan í far efnistökkunnar að henni lokinni.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangsaætlun að fylgja umsókninni.

2.2.23 ES25 – Stokkahlaðir (I)

Efnistökusvæðið er á gildandi aðalskipulagi. Landeigandi selur efni til ýmissa aðila. Þarna er um litla námu að ræða og efnistaka er lítil á hverju ári. Ekki þarf að sækja um framkvæmdaleyfi nema aðstæður breytist verulega.

Eftir 1. júlí 2012 þarf þó að sækja um framkvæmdaleyfi sbr. 79. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 m.s.br., eða ganga snyrtilega frá svæðinu þannig að sem best falli að umhverfi innan þriggja ára frá því að hætt er að nota efnistökusvæðið, sbr. 49. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 m.s.br.

2.2.24 ES27A – Neðan Reykárhverfis (III)

Líta þarf á svæði ES14, ES27A, ES27B, ES27C og ES27D sem eitt svæði m.t.t. náttúrulegra efnisflutninga árinna, þar sem efnisnám á einum stað hefur áhrif á efnisflutninga á stærra svæði. ES14 er austan Eyjafjarðarár, en hin svæðin vestan ár. Sett er skilyrði um að samanlögð efnistaka úr áreyrum Eyjafjarðarár af þessu svæði nemi að hámarki 50.000 m³ á hverju tveggja ára tímabili. Einungis er leyfð vinnsla á einu svæði vestan Eyjafjarðarár í einu.

Sveitarstjórn óskar því eftir því að landeigendur stofni til samlags eða samkomulags um efnistöku á þessu svæði.

Sem minnst verði unnið í sjálfum farvegi árinna og slíkt ekki heimilað frá byrjun maí til loka október. Metið verði eftir aðstæðum á hverjum tíma hvenær og hve mikið efni verði leyfilegt að taka á hverjum þessara fimm staða. Dýpt námu í hverju tilfelli verði ákveðin í samráði við umsagnaraðila og leyfisveitanda.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangsaætlun að fylgja umsókninni og framkvæmdaleyfi gildi einungis eitt ár fram í tímann. Efnistakan getur verið tilkynningarskyld til fyrirspurnar um matsskyldu.

2.2.25 ES27B – Kristnes (III)

Líta þarf á svæði ES14, ES27A, ES27B, ES27C og ES27D sem eitt svæði m.t.t. náttúrulegra efnisflutninga árinna, þar sem efnisnám á einum stað hefur áhrif á efnisflutninga á stærra svæði. ES14 er austan Eyjafjarðarár, en hin svæðin vestan ár. Sett er skilyrði um að samanlögð efnistaka úr áreyrum Eyjafjarðarár af þessu svæði nemi að hámarki 50.000 m³ á hverju tveggja ára tímabili. Einungis er leyfð vinnsla á einu svæði vestan Eyjafjarðarár í einu.

Sveitarstjórn óskar því eftir því að landeigendur stofni til samlags eða samkomulags um efnistöku á þessu svæði.

Sem minnst verði unnið í sjálfum farvegi árinna og slíkt ekki heimilað frá byrjun maí til loka október. Metið verði eftir aðstæðum á hverjum tíma hvenær og hve mikið efni verði leyfilegt að taka á hverjum þessara fimm staða. Dýpt námu í hverju tilfelli verði ákveðin í samráði við umsagnaraðila og leyfisveitanda.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangsaætlun að fylgja umsókninni og framkvæmdaleyfi gildi einungis eitt ár fram í tímann. Efnistakan getur verið tilkynningarskyld til fyrirspurnar um matsskyldu.

2.2.26 ES27C – Reykhús (III)

Líta þarf á svæði ES14, ES27A, ES27B, ES27C og ES27D sem eitt svæði m.t.t. náttúrulegra efnisflutninga árinna, þar sem efnisnám á einum stað hefur áhrif á efnisflutninga á stærra svæði. ES14 er austan Eyjafjarðarár, en hin svæðin vestan ár. Sett er skilyrði um að samanlögð efnistaka úr áreyrum Eyjafjarðarár af þessu svæði nemi að hámarki 50.000 m³ á hverju tveggja ára tímabili. Einungis er leyfð vinnsla á einu svæði vestan Eyjafjarðarár í einu.

Sveitarstjórn óskar því eftir því að landeigendur stofni til samlags eða samkomulags um efnistöku á þessu svæði.

Sem minnst verði unnið í sjálfum farvegi árinna og slíkt ekki heimilað frá byrjun maí til loka október. Metið verði eftir aðstæðum á hverjum tíma hvenær og hve mikið efni verði leyfilegt að taka á hverjum þessara fimm staða. Dýpt námu í hverju tilfelli verði ákveðin í samráði við umsagnaraðila og leyfisveitanda.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangssáætlun að fylgja umsókninni og framkvæmdaleyfi gildi einungis eitt ár fram í tímann. Efnistakan getur verið tilkynningarskyld til fyrirspurnar um matsskyldu.

2.2.27 ES27D – Teigur (III)

Líta þarf á svæði ES14, ES27A, ES27B, ES27C og ES27D sem eitt svæði m.t.t. náttúrulegra efnisflutninga árinna, þar sem efnisnám á einum stað hefur áhrif á efnisflutninga á stærra svæði. ES14 er austan Eyjafjarðarár, en hin svæðin vestan ár. Sett er skilyrði um að samanlögð efnistaka úr áreyrum Eyjafjarðarár af þessu svæði nemi að hámarki 50.000 m³ á hverju tveggja ára tímabili. Einungis er leyfð vinnsla á einu svæði vestan Eyjafjarðarár í einu.

Sveitarstjórn óskar því eftir því að landeigendur stofni til samlags eða samkomulags um efnistöku á þessu svæði.

Sem minnst verði unnið í sjálfum farvegi árinna og slíkt ekki heimilað frá byrjun maí til loka október. Metið verði eftir aðstæðum á hverjum tíma hvenær og hve mikið efni verði leyfilegt að taka á hverjum þessara fimm staða. Dýpt námu í hverju tilfelli verði ákveðin í samráði við umsagnaraðila og leyfisveitanda.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangssáætlun að fylgja umsókninni og framkvæmdaleyfi gildi einungis eitt ár fram í tímann. Efnistakan getur verið tilkynningarskyld til fyrirspurnar um matsskyldu.

2.2.28 ES29A – Ytra- og Syðra-Gil (III)

Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku í landi Ytra- og Syðra-Gils á skipulagstímanum. Efnistökusvæðið er á sama árkafla og efnistökusvæðið við Vagli (ES29B) og gildir um þau svæði að mikið efni hefur verið tekið á þeim á undanförunum árum og nú er svo komið að ekki verður veitt framkvæmdaleyfi vegna áframhaldandi efnistöku næstu árin. Um endurnýjanlega námu er að ræða og landeigandi getur sótt um framkvæmdaleyfi þegar aðstæður hafa batnað verulega.

Líta þarf á svæði ES29A og ES29B sem eitt svæði m.t.t. náttúrulegra efnisflutninga árinna, þar sem efnisnám á einum stað hefur áhrif á efnisflutninga á stærra svæði. Því verður einungis leyfð vinnsla á öðru svæðinu í einu. Komi til þess að landeigendur óski eftir framkvæmdaleyfi þá óskar sveitarstjórn eftir því að landeigendur stofni til samlags eða samkomulags um efnistöku á þessu svæði.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangssáætlun að fylgja umsókninni og framkvæmdaleyfi gildi einungis eitt ár fram í tímann.

2.2.29 ES29B - Vaglir (III)

Efnistökusvæðið er á gildandi aðalskipulag. Efnistökusvæðið er á sama árkafla og efnistökusvæðið við Ytra- og Syðra-Gil (ES29A). Mikið efni hefur verið tekið á þessu svæði á undanförunum árum og nú er svo komið að ekki verður veitt framkvæmdaleyfi vegna áframhaldandi efnistöku næstu árin. Svæðið verður þó áfram á aðalskipulagi því um endurnýjanlega námu er að ræða og landeigandi getur sótt um framkvæmdaleyfi þegar aðstæður hafa batnað verulega.

Líta þarf á svæði ES29A og ES29B sem eitt svæði m.t.t. náttúrulegra efnisflutninga árinna, þar sem efnisnám á einum stað hefur áhrif á efnisflutninga á stærra svæði. Því verður einungis leyfð vinnsla á öðru svæðinu í einu. Komi til þess að landeigendur óski eftir framkvæmdaleyfi þá óskar sveitarstjórn eftir því að landeigendur stofni til samlags eða samkomulags um efnistöku á þessu svæði.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangsaætlun að fylgja umsókninni og framkvæmdaleyfi gildi einungis eitt ár fram í tímann.

2.2.30 ES31 - Hvammur (IV)

Fyrirhugað efnistökusvæði er í klapparholti vestan við bæjarhúsin í Hvammi. Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku allt að 120.000 m³ og að náman verði opin til næstu 15 ára. Jafnframt er gert ráð fyrir aðkomuvegi að námunni.

Til að fá framkvæmdaleyfi þarf að deiliskipuleggja svæðið og framkvæmdin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar, sem úrskurðar um það hvort framkvæmdin er háð mati á umhverfisáhrifum.

Í deiliskipulagi skal gera ráð fyrir að efnistökusvæðið verði ekki stærra en 1,5 ha. og dýpt námu í samræmi við það. Gera skal ráð fyrir að jaðrar klapparholts og trjágróður haldi sér annars staðar en við op inn í námuna, sem verði norðaustan til í klöppina. Gera skal ráð fyrir viðunandi frágangsfloa og öryggisstalli við efri námubrún. Við vinnslu skal tryggja öryggi við efri brún með girðingum.

Í deiliskipulagi komi fram til hvaða mótvægisáðgerða verði gripið til að minnka óþægindi náganna vegna sprenginga og efnisflutninga. Þar verði fjallað um varnir gegn hávaða t.d. með hljóðmönnum og áðgerðir til að minnka rykmengun. Meta þarf þörf á vöktun á fallryki í samráði við heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra. Einnig þarf leyfi skógræktarstjóra til að rjóðurfella.

Áður en sprengingar verði leyfðar skal gera ástandskönnun á mannvirkjum í nágrenni við námuna og meta reglulega á framkvæmdatímanum.

Vegna þess að um er að ræða sprengingar þá komi fram í framkvæmdaleyfi að leyfishafi tryggi að þannig sé staðið að framkvæmdum að ekki valdi tjóni.

Virki ráðstafanir samkvæmt ofangreindu ekki sem skyldi er heimilt að afturkalla leyfið.

2.3 Fylgiskjöl

Fylgiskjöl með tillögunni eru:

2.3.1 Aðalskipulagsuppdráttur Eyjafjarðarsveitar 2005-2025

Sveitarfélagsuppdráttur landnotkun unninn af teiknistofu Benedikts Björnssonar teikn. nr. 2509, verknr. 032509, dags. 15. febrúar 2010 og seinast breytt 24. júní 2011.

2.3.2 Umhverfisskýrsla

Umhverfisskýrsla vegna breytinga á aðalskipulagi unnin af verkfræðistofunni Eflu, dags. 18. ágúst 2010 og seinast breytt 20. janúar 2011.

2.3.3 Möguleg efnistökusvæði á aðalskipulagi innan vatnasvæðis Eyjafjarðará

Samantekt og tillögur unnar af Veiðimálastofnun Norðurlandsdeild í desember 2008.

2.3.4 Breyting á aðalskipulagi vegna efnistöku

Umsögn Veiðimálastofnunar frá 17. maí 2010.

2.3.5 Um fugla á efnistöku við Eyjafjarðará

Umsögn Sverris Thorstensen um nýja efnistökuastaði frá 21. maí 2010.

3 Afgreiðsla skipulagsins

3.1 Auglýsing skipulagstillögu

Skipulagsnefnd samþykkti að kynna þessa tillögu í samræmi við 17. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. á fundi sínum 2. desember 2010. Afgreiðsla skipulagsnefndar var síðan samþykkt á fundi sveitarstjórnar 10. desember 2011.

Tillagan var síðan kynnt á kynningarfundum 6. desember 2010 og send Skipulagsstofnun og nágrennasveitarfélögum 13. janúar 2011.

Á fundi skipulagsnefndar 13. janúar 2011 var ákveðið að auglýsa þessa tillögu um breytingar á aðalskipulagi vegna efnistöku í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Afgreiðsla skipulagsnefndar var síðan samþykkt á fundi sveitarstjórnar 18. janúar 2011.

Umhverfisskýrsla áætlunarinnar var auglýst með sama hætti og verður afgreidd í samræmi við 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Nýja tillagan var síðan auglýst 18. janúar 2011 og athugasemdafrestur rann út 8. mars. All nokkrar athugasemdir bárust og var fjallað um þær á fundum skipulagsnefndar 10. mars, 7. apríl og 11. apríl. Athugasemdir urðu til þess að nokkrar lítilsháttar breytingar voru gerðar á skipulaginu og voru athugasemdir og viðbrögð við þeim samþykkt á fundi sveitarstjórnar 12. apríl 2011.